

AUGLÝSING

um gildistöku breytingar á samkomulagi um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Grænlandi og í Færeyjum.

Bókun frá 3. nóvember 1982 um breytingu á samkomulagi frá 25. september 1956 um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Grænlandi og í Færeyjum öðlaðist gildi endanlega 17. nóvember 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1987.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 2. janúar 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um uppsögn alþjóðasáttmála um skipan hvalveiða.

Hinn 27. desember 1991 var ríkisstjórn Bandaríkjanna tilkynnt um uppsögn Íslands á alþjóðasáttmálanum frá 2. desember 1946 um skipan hvalveiða, sbr. auglýsingar í A-deild Stjórnartíðinda nr. 55/1947 og 102/1948. Uppsögnin öðlast gildi 30. júní 1992. Uppsögnin tekur einnig til bókunar við sáttmálann frá 19. nóvember 1956, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 63.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 2. janúar 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um samning við Bandaríkin um framkvæmd eftirlits vegna samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu.

Með orðsendingaskiptum í Reykjavík 29. nóvember 1991 og 23. janúar 1992 var gerður samningur milli Íslands og Bandaríkjanna um framkvæmd eftirlits vegna samnings frá 19. nóvember 1990 um hefðbundinn herafla í Evrópu, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 34/1991 þar sem samningurinn er birtur. Orðsendingaskiptin taka gildi þegar samningurinn um hefðbundinn herafla í Evrópu tekur gildi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 24. janúar 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.